

Ed.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

4. gr. 2. mgr. 3. málslíður orðist svo:

Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sina síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 100 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 7500 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 200 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tl. síðasti málslíður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thug a s e m d i r við l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Hlutverk laganna um verkamannabústaði er að veita þeim þjóðfélagsþegnum, sem erfiðasta afkomu hafa, aðstoð við að koma sér upp hentugum íbúðum. Vegna mikilla verðhækkana síðan lög þessi voru sett, nær sú aðstoð, sem löggin nú veita, ekki þeim tilgangi, sem til var ætlazt, þegar þau voru sett.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að íbúðalánin verði hækkuð um allt að 50%. Einnig er lagt til, að efnahagsviðmiðun sú, sem nú gildir, verði rýmkuð, svo að réttur manna til lána verði ekki skertur frá því, sem áður var.

Um 1. gr.

Lagt er til, að hámark lána verði hækkað um 150 þús. krónur. Er þetta í samræmi við þá hækkun, sem nú hefur verið ákvæðum þeirra laga um hámarks-tekjur og eignir. Er því lagt til, að miðað verði við meðaltal þriggja síðustu árstekna eins og nú er, en viðmiðunin hækkuð úr kr. 65 000.00 í kr. 100 000.00, og að viðbótin verði miðuð við hvert barn á framfæri og hækki úr kr. 2500.00 í kr. 7500.00. Í samræmi við þetta verði eignaviðmiðunin hækkuð úr 150 þús. krónum í 200 þús. krónur.

Um 2. gr.

Síðan löggin um verkamannabústaði voru sett hafa almenn launakjör hækkað mjög, svo að nauðsyn ber nú til þess að breyta ákvæðum þeirra laga um hámarks-tekjur og eignir. Er því lagt til, að miðað verði við meðaltal þriggja síðustu árstekna eins og nú er, en viðmiðunin hækkuð úr kr. 65 000.00 í kr. 100 000.00, og að viðbótin verði miðuð við hvert barn á framfæri og hækki úr kr. 2500.00 í kr. 7500.00. Í samræmi við þetta verði eignaviðmiðunin hækkuð úr 150 þús. krónum í 200 þús. krónur.

Um 3. gr.

Varhugavert þykir að veita lánþega, sem átt hefur íbúð í aðeins 10 ár, rétt til þess að njóta allrar verðhækkunar, sem orðið hefur á íbúð, sem hann selur. Er því lagt til, að lánþegi njóti ekki þessa réttar fyrr en hann hefur átt íbúðina í 20 ár.

Um 4. gr.

Þarfnað ekki skýringar.